

Reglugerð nr. 26 um aldursflokkaskipan

1. gr. - Gildissvið

Eftirfarandi reglugerð gildir um aldursflokkaskipan. Á þessum reglum er byggt vegna viðurkenninga á metum innan aldursflokka og aldursflokkaskipan á meistara- og bikarmótum.

2. gr. - Skipting í aldursflokka

Skipting í aldursflokka fram að 30 ára aldri miðast við almanaksárið, þegar íþróttamaðurinn nær hinum tiltekna aldri.

Skipting aldursflokka í 30 ára og eldri miðast við aldur keppanda á mótssdag. Náí mót yfir fleiri en einn dag ræður aldur keppanda á fyrsta degi móts í hvaða aldursflokki hann keppir.

3. gr. - Skipting í aldursflokka í frjálsíþróttum - innan vallar

7 ára og yngri:	Piltar og stúlkur.
8 ára:	Piltar og stúlkur.
9 ára:	Piltar og stúlkur.
10 ára:	Piltar og stúlkur.
11 ára:	Piltar og stúlkur.
12 ára:	Piltar og stúlkur.
13 ára:	Piltar og stúlkur.
14 ára:	Piltar og stúlkur.
15 ára:	Piltar og stúlkur.
16-17 ára:	Piltar og stúlkur.
18-19 ára:	Piltar og stúlkur.
20-22 ára:	Piltar og stúlkur.
23 ára og eldri:	Karlar og konur.

4. gr. - Skipting í eldri aldursflokka í frjálsíþróttum - innan vallar

Keppt skal á mastersmótum í aldursflokkum sem ná yfir fimm ára aldursbil frá 30 ára aldri.

5. gr. - Skipting í aldursflokka í frjálsíþróttum - utan vallar

Til greina utan valla teljast greinar samkv. reglugerð nr. 30.3. um meistaramót í lengri hlaupum.

Aldursflokkar eru samkv. 3. og 4. gr. með eftirfarandi undanþágum.

- Aldursflokkar samkv. 3. gr. miðast við að yngsti flokkur sé 12 ára. Aldurstakmörk þátttakenda fer samkv. reglugerð nr. 34 um meistaramót í götuhlaupum og öðrum vottuðum hlaupum og falla yngri aldursflokkar niður eftir því sem við á.
- Aldursflokkar eru samkv. 3. gr. fram að 40 ára aldri (23-39 ára) og eftir það skal keppt í aldursflokkum sem ná yfir fimm ára tímabil, sbr. 4. gr.
- útganga úr flokknum sem notar bæði almanaks ár og fæðingardag skal miðast við fæðingardag. Í þessu telst að einstaklingur sem verður 40 ára á árinu, keppir í flokknum 23-39 þar til hann hefur náð 40 ára afmælisdegi - þá yfirgefur hann flokkinn 23-39 ára og fer í 40-44 ára flokkinn.

12 ára	Piltar og stúlkur.
13 ára:	Piltar og stúlkur.
14 ára:	Piltar og stúlkur.
15 ára:	Piltar og stúlkur.
16-17 ára:	Piltar og stúlkur.
18-19 ára:	Piltar og stúlkur.
20-22 ára:	Piltar og stúlkur.
23-39 ára :	Karlar og konur.
40-44 ára o.s.frv.:	Karlar og konur.

Saga

1. Samþykkt 2011
2. Gefið út af stjórn FRÍ árið 2023 í nýjum búningi óbreytt.
3. Reglugerð kynnt á formannafundi í des 2024. Ákvæði um aldursflokka í mörgum reglugerðum færð á einn stað, í þessa heildstæðu reglugerð.